

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Lýðfræðslusjóð Landmannahrepps í Rangárvallasýslu, útgefin á venjulegan hátt, ad mandatum af dómsmálaráðherra 18. ágúst 1932. Skipulagsskráin er þannig: 81  
18. ágúst

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Lýðfræðslusjóð Landmannahrepps í Rangárvallasýslu.

1. gr.

Nafn sjóðsins skal vera Lýðfræðslusjóður Landmannahrepps.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður nær eingöngu af búendum í nefndum hreppi. Nam upphaflegt framlag kr. 3017,00 en er með viðbættum vöxtum til ársloka 1931 kr. 4845,44 — fjögur þúsund átta hundruð fjörutíu og fimm — krónur og 44/100. Fé þetta skal ávaxtast í Söfnunarsjóði Íslands ásamt vöxtum og gjöfum, er við það kunna að bætast, þangað til sjóðurinn nær þeirri upphæð, er segir í 5. gr. Höfuðstól hans má aldrei skerða.

3. gr.

Tilgangur sjóðstofnunar þessarar er: að styðja og styrkja lýðfræðslu í Rangárvalla- og Árnessýslu, samkvæmt því sem segir í 6. og 7. gr.

4. gr.

Heimilisfang og varnarþing sjóðsins skal vera í Landmannahreppi. Skal hreppsnefndin í þeim hreppi, ásamt sóknarpresti, hafa stjórn hans á hendi, undir yfirumsjón sýslunefndarinnar í Rangárvallasýslu. Ber stjórn sjóðsins að gera árleg reikningsskil, og skulu sömu reglur gilda um reikningsár, yfirskoðun og meðferð hans sem hreppsreikningsins. Komi ágreiningur út af sjóðnum eða meðferð hans, sker yfirstjórn fræðslumála Íslands úr. Heimilt skal þó meiri hluta sjóðstjórnarinnar að áfrýja þeim úrskurði til dómstólanna.

5. gr.

Þegar ársvextir sjóðsins nema kr. 500,00 — fimm hundruð — krónum, má hefja  $\frac{1}{2}$  — fjóra fimmtu — hluta vaxtanna, og svo árlega, þangað til ársvextir hans nema kr. 5000,00 — fimm þúsund — krónum. En þá skal það vera á valdi sjóðstjórnarinnar, hve mikið hún eykur höfuðstólinn.

81

18. ágúst

Vexti sjóðsins, sbr. 5. gr., má nota til þess að styrkja efnilega, námfúsa og siðsama unglinga til náms á svæði því, sem nefnt er í 3. gr., þó eigi fleiri en 2 úr sama hreppi samtímis, sbr. þó næstu gr.

6. gr.

7. gr.

Verði heimavistarskóli fyr eða síðar reistur í Landmannahreppi fyrir börn og unglinga, er heimilt að verja nokkru eða öllu af vöxtum sjóðsins, sbr. 5. gr., til styrktar þeirri stofnun eða til þess að gera nemendum vistina þar sem þægilegasta og ódýrasta. Á þann skóla er þó skylt að taka nemendur af svæði því, er um getur í 3. gr. svo sem rúm leyfir og ástæður mæla með. Innanhrepps nemendur skulu þó sitja fyrir öðrum, verði aðsókn svo mikil, að rúm vanti. Allir skulu nemendur undantekningarlaust njóta þeirra hlunninda, er skólinn getur veitt vegna sjóðs þessa.

8. gr.

Nánari reglur viðvíkjandi sjóði þessum má setja, en þó ekki í bága við skipulagsskrá þessa.

9. gr.

Skipulagsskrá þessi er samin af undirritaðri þar til kjörinni þriggja manna nefnd, sem óskar konungsstaðfestingar á henni.

Hvammi í Landmannahreppi, 3. febrúar 1932.

Eyjólfur Guðmundsson, Guðmundur Árnason, Ófeigur Vigfússon.

82

22. ágúst

## AUGLÝSING

um

staðfesting dómsmálaráðuneytisins á reglugerð fyrir ljósmæðra- og hjúkrunar-  
kvennaskóla Íslands.

Samkvæmt lögum nr. 13, 23. júní 1932, um ljósmæðra- og hjúkrunar-  
kvennaskóla Íslands, er hérmeð staðfest eftirfarandi reglugerð fyrir nefndan  
skóla.